

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 6.000 á árinu 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júní 1994. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, kr. 5.000 í annað skipti og kr. 8.000 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:	7 150	lestir
þ.a. Eldey	600	lestir
þ.a. Arnarfjörður	850	lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2 500	lestir
þ.a. Húnaflói	1 000	lestir
þ.a. Skagafjörður	500	lestir
þ.a. Skjálíandi	800	lestir
þ.a. Öxarfjörður	900	lestir